



Tillaga	A 1952/PRE
Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

A 1952/PRE Þingmannatillaga um að gera Norðurlönd sjálfnæg og óháð einræðisríkjum

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- útbúa stefnuáætlun um sjálfsnægtir um orkuframleiðslu, íhluti fyrir raforkukerfi, matvælaframleiðslu og viðbúnað
- gera Norðurlönd óháð einræðisríkjum

Bakgrunnsupplýsingar

Ein stærsta ógn sem Norðurlönd standa frammi fyrir nú er árásgjörm hegðun Rússlands í nærumhverfi okkar. Við verðum fyrir miklum áhrifum af þróun heimsmálanna og grimmileg árás Rússlands í Úkraínu hefur sýnt fram á hversu mikilvægt er að Norðurlönd séu sjálfnæg og óháð Rússlandi og öðrum einræðisríkjum. Öll norrænu ríkin hafa þurft að huga að stöðu viðbúnaðar- og varnarmála. Það er bersýnilegt að við þurfum að auka sjálfsnægtir okkar svo að við getum verið óháð einræðisríkjum.

Vegna þróunarinnar og ráðandi krísu í öryggismálum hafa fjölþjóðleg samskipti orðið fyrir hnjaski. Tiltekin lönd, þar á meðal Rússland og Kína, hafa á síðustu misserum þróast í andlýðræðislega átt og eru talin vilja taka sér ráðandi stöðu í heimsskipaninni. Þetta eru lönd sem stunda njósnir, dreifa röngum upplýsingum og sýna virðingarleysi við mannréttindi í samskiptum við grannríki og þjóðarbrot.

Norrænt frelsi vill að Norræna ráðherranefndin útbúi stefnuáætlun um sjálfsnægtir. Það snýst meðal annars um fjölþjóðleg samskipti. En einnig um að efla sjálfsnægtir og viðbúnað á Norðurlöndum. Við viljum að stefna um sjálfsnægtir fjalli um orkuframleiðslu, íhluti til raforkukerfa, matvælaframleiðslu og viðbúnað.

Að norrænu ríkin séu óháð og sjálfnæg er nauðsynlegt til að verja lýðræði og frelsi á Norðurlöndum. Við viljum sjá aukna norræna samvinnu sem byggir á sameiginlegum norrænum gildum.



Reykjavík, 14. mars 2023

Lulu Ranne (sif)

Angelika Bengtsson (SD)

Mikkel Bjørn (DF)

Riikka Purra (PS)

Staffan Eklöf (SD)

Victoria Tiblom (SD)

Sebastian Tynkkynen (PS)

Vilhelm Junnila (PS)

Ann-Christine From Utterstedt (SD)